


Víðidalsá 1997

Tumi Tómasson

Hólum, apríl 1998

VMST-N/98008



Veðimálastofnun
Norðurlandsdeild

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 453 6599
Fax: 453 6694

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

VÍÐIDALSÁ 1997

Inngangur

Dagana 10-13/8 1997 fór fram venjubundin athugun á vexti, þéttleika og útbreiðslu laxaseiðaárganga í Víðidalsá og Fitjá, jafnframt því sem akoma seiða sem sleppt hefur verið á ólaxgeng svæði var könnuð. Í framhaldi af þessari athugun var sleppt smáseiðum á þau svæði þar sem þörf var talin á slíku. Alls var sleppt 40 000 smáseiðum í Víðidalsá og Fitjá, 20 000 seiðum í hvora á, aðallega á ólaxgeng svæði.

Sérstaklega var hugað að búsvæðagerð á kaflanum frá Síðukróki og niður að Silungabakka, en þar virðast aðstæður vera mjög ákjósanlegar til búsvæðagerðar og reyndar einnig til veiðistaðagerðar, en mjög lítil veiði er á þessum kafla í dag. Farið var í sérstaka vettvangskönnun og málin rædd með formanni veiðifélagsins og bóndanum í Nýpukoti 25/8.

Áfram var unnið að rannsóknum á bleikjustofnum Hópsins og Víðidalsár. Í maí voru merktar um 250 bleikjur í Hópinu og voru sumar þeirra með mælimerki sem nema umhverfishita fiskanna og það dýpi sem þeir eru á. Eftir veiðitíma um haustið voru síðan merktar um 540 bleikjur sem teknar voru með ádrætti í Víðidalsá dagana 24. og 25. september. Ekki verður fjallað um þær rannsóknir frekar í þessari skýrslu.

Laxveiðin 1997

Veiðin sumarið 1997 olli töluverðum vonbrigðum. Fyrirfram hafði verið búist við að veiðin myndi rétta aftur úr kútnum eftir fremur slakt veiðiár 1996. Einkum var gert ráð fyrir aukningu í smálaxaveiðinni. Alls veiddist 691 lax, sem einungis um 60% af meðalveiði árána 1974-1997 og tæplega 100 löxum lakari veiði en árið á undan (Tafla 1).

Tafla 1. Skráð laxveiði í Víðidalsá og Fitjá árin 1995-1997.

Ár	Smálax	Stórlax	Heildarveiði
1997	436	255	691
1996	314	469	783
1995	587	394	981

Að hluta til má rekja slaka veiði undanfarandi ára til tiltölulega lélegrar nýtingar ólaxgengra svæða, en þó var búist við að framleiðsla þessara svæða myndi aukast verulega sumarið 1996, því árið 1994 var sleppt miklu magni seiða aftur eftir fremur

takmarkaðar sleppingar árin þar á undan. Seiðin 1994 voru tiltölulega smá miðað við sleppitíma, en í rafveiðunum 1995 virtust þau þó hafa dafnað nógu vel til að búast mætti við að þau næðu sjóþroska sumarið 1996, einkum þau seiði sem sleppt var í Víðidalsá. Seiði sem sleppt var 1995 voru mun vænni og áberandi stærri í rafveiðunum ári síðar en seiði úr sleppingu 1994.

Hreistursýni má nota til að meta ferskvatnsaldur og vaxarmynstur laxa. Vegna þess forskots sem sleppiseiði hafa á náttúruleg seiði í ánni og vegna þess hve hratt þau vaxa yfirleitt í ánni, er mögulegt að greina laxa af sleppiuppruna frá þeim sem eiga uppruna sinn í náttúruklaki í ánni. Þessi aðferð er þó ekki algild og verður ónákvæmari eftir því sem seiðin eru smærri við sleppingu og ferskvatnsdvöl sleppiseiða lengri. Í Töflu 2 eru teknar saman niðurstöður aldursgreininga hreistursýna sem tekin voru af löxum veiddum sumarið 1997.

Tafla 2. Niðurstöður aldursgreiningar hreistursýna úr veiðinni 1997.

Víðidalsá:

Ferskvatns- aldur	Smálax		Stórlax	
	fjöldi	%	fjöldi	%
1	1	1	-	-
2	16	19	12	18
3ss	4	5	4	6
3	39	46	21	31
4	23	27	30	44
5	2	2	1	1
Samtals:	85	100	68	100

Fitjá:

Ferskvatns- aldur	Smálax		Stórlax	
	fjöldi	%	fjöldi	%
1	1	2	-	-
2	2	4	9	20
3ss	3	7	-	-
3	13	29	3	7
4	22	49	28	64
5	4	9	4	9
Samtals:	45	100	44	100

Sleppingin frá 1994 skilar einungis um 4% af smálaxaveiðinni í Fitjá (smálax með tveggja ára ferskvatnsaldur), en nálægt 20% í Víðidalsá. Þessi munur skýrist væntanlega af lakari vexti seiða í Fitjá og að sum seiðin hafi ekki náð sjóþroska fyrr en sumarið 1997. Mun minni slepping sumarið 1993 er hins vegar að skila um 20% af stórlaxinum bæði í Víðidalsá og Fitjá. Þetta er svipað hlutfall og fékkst fyrir smálaxinn í Víðidalsá í veiðinni 1996, en mun herra í Fitjanni. Tiltölulega góður árangur seiða úr

sleppingu 1993 skýrist væntanlega af því hve rúmt var á þeim, en hafa ber þó einnig í huga að stórlaxaveiðin 1997 var með daprara móti. Í heildina má rekja um fjórðung laxveiðinnar í Víðidalsá og til smáseiðasleppinga á árunum 1992-1995, mest árin 1993 og 1994, en þetta hlutfall er mun lægra í Fitjá.

Það sem vekur atygli þó er að ferskvatnsaldur laxa af náttúrlegum uppruna er áberandi lægri nú en á síðastliðnum tveimur árum. Lækkun ferskvatnsaldurs er til kominn vegna betri vaxtar seiða sem leiðir til hærri umsetningar og aukinnar gönguseiðaframleiðslu, þ.e. ef ekki er skortur á seiðum. Þetta ásamt öðrum vísbendingum sem oftast fara saman með góðri smálaxagengd, svo sem vænleiki smálaxanna og það að þeir sýndu sig tiltölulega snemma á veiðitímanum, bendir til að aukin afföll snemma á sjávarskeiði laxaseiðanna sé helsta skýring þess að smálaxagengd sumarið 1997 batnaði ekki meir en raun ber vitni. Ekki er að merkja nein áföll í ánum sjálfum sem geta skýrt svo slaka laxagengd, eins og nú verður vikið að.

Ástand seiðastofna í Víðidalsá

Alls var rafveitt á um 10 stöðum í Víðidalsá, auk þess sem rafveitt var á einum stað í Dalsá, skammt fyrir neðan þjóðveginn. Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 3 og á Myndum 2a og 2b.

Tafla 3. Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m² í rafveiðum í Víðidalsá og Dalsá 10.-13. ágúst 1997.

Staður (No.)	Stærð (m)	Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri				Bleikja	Urriði
		0+	1+	2+	3+		
B	60x15	-	-	-	-	-	-
1	60x15	-	1.9	-	-	-	0.1
4	60x8	-	2.3	-	-	-	0.2
4a	30x15	-	4.4	-	-	-	-
5	25x12	2.0	13.0	3.7	5.3	-	-
6	45x8	4.7	3.8	0.8	-	-	-
8	35x10	2.0	8.0	5.7	0.6	0.6	0.3
9	25x15	7.5	5.3	0.5	-	1.6	1.6
10	50x5	2.4	7.2	6.4	-	2.0	0.8
11	30x10	0.3	0.3	-	-	3.0	3.7
Dalsá	50x6	-	5.7	2.7	2.0	2.0	-

Á efsta rafveiðistaðnum, stað B, skammt fyrir ofan gangnamannakofann, veiddist ekkert seiði. Þar fundust töluvert af seiðum í rafveiðunum 1996, þá 1+ og 10-12 cm löngum. Ætla má að þessi seiði hafi náð sjóþroska sumarið 1997 og þá væntanlega einnig önnur seiði úr þeirri sleppingu í Víðidalsá, því staður B er nálægt efri mörkum sleppingarinnar.

Að rafveiðunum loknum var aftur sleppt á þetta svæði 20 000 smáseiðum. Byrjað var að sleppa um 1 km fyrir framan kofann og entist sleppingin þar til komið var tæpan km niður fyrir Kjálkafoss.

Veitt var á þremur stöðum á því svæði sem sleppt var á sumarið 1996, á kaflanum frá Bakka og fram undir Öxnárfoss. Seiðin voru í góðum þrifum, flest á bilinu 10.5-12.0 cm, og því líklegt að þau eigi flest eftir að ganga út sumarið 1998. Það eru því öll teikn sem benda til þess að ólaxgeng svæði Víðidalsár hafi skilað viðunandi framleiðslu sumarið 1997 og allar forsendur eru fyrir hendi til að svo verði aftur sumarið 1998.

Á laxgenga hlutanum fengust vorgömul seiði á öllum stöðum, nema í Dalsá, og ekki er annað að sjá en að hrygning hafi verið nóg í ánni haustið 1996. Ólíklegt er að lax gangi upp í Dalsá til hrygningar, en seiðin leita upp í ána úr Víðidalsá.

Mest bar á eins árs seiðum á öllum stöðunum, en þéttleiki 2+ og 3+ seiða var heldur minni en verið hefur. Á móti kemur að vöxtur seiða hefur heldur batnað og því er eðlilegt að 3+ árgangurinn skuli vera faliðaður. Seiðin voru almennt væn og vel á sig komin. Stærðasamsetningin seiðastofnins á hverjum stað endurspeglar þó fyrst og fremst gerð og eðli bötnefna. Ég tel að skortur á grófum og skjólgóðum botni sem veitir stærri seiðunum það skjól sem þau þurfa, sé það sem helst takmarki gönguseiðaframleiðslu á laxgengum svæðum Víðidalsár.

Eins og áður hefur verið vikið að í skýrslum til veiðifélagsins tel ég raunhæft að reyna að byggja upp bæði veiðistaði og búsvæði fyrir seiði á kaflanum frá Síðukróki að Silungabakka, og var það svæði sérstaklega skoðað með formanni veiðifélagsins og bönandum á Nípukoti, eftir að seiðastofnar árinna höfðu verið athugaðir. Þörf er á að flytja grjót tiltölulega langt að og það er fljótt að hverfa á jafn stóru svæði og þarna er um að ræða. Ég álít þó að veiðifélagið ætti að byrja á þessu verkefni sem fyrst, en ekki ætla sér að gera of mikið í einu til að byrja með. Þegar búið er að byggja upp reynslu og þekkingu mætti auka framkvæmdahraðann. Með því móti næst betri árangur og hagkvæmni þegar fram í sækir.

Seiðastofnar Fitjár

Í Fitjá var rafveitt á alls 14 stöðum, þar af á fimm stöðum á ólaxgenga svæðinu fyrir framan Bjarnarfoss. Niðurstöðurnar eru settar fram í Töflu 4 og á Myndum 3a,b og c. Efsti staðurinn (-5) er um 3 km fyrir framan Mönguskála og sá næsti tæpulega 1 km fyrir framan skálann. Á þetta svæði var síðast sleppt seiðum sumarið 1995. Þar fékkst lítið af seiðum, en þó veiddust þar bæði 1+ og 2+ seiði. Eldri seiðin voru fyrst og fremst kynþroska seiðahængir, en 1+ seiðin, sem eru úr sleppingunni 1996, hafa gengið fram ána. Aftur var sleppt á þetta svæði 14. ágúst 1997 og var seiðunum dreift á um 7 km kafla sem náði frá Mönguskála og að afréttargirðingu sem liggur yfir ána.

Þéttleiki 1+ sleppiseiða var áberandi meiri neðar á ólaxgenga svæðinu þar sem sleppt var sumarið 1996, en hefði þó mátt vera meiri. Á staðnum fyrir ofan Bjarnarfoss fundust einnig kynþroska 2+ seiði, en þar var sleppt á stuttan kafla 1995. Gera má ráð fyrir að þorri seiða úr sleppingunni 1995 hafi náð sjóþroska sumarið 1997, en þó hefur einhver hluti orðið eftir og er það hlutfall seiða sem nær sjóþroska á þremur árum mun

hærra í Fitjá en í Víðidalsá. Sumarið 1997 var aftur sleppt á svæðið frá Bjarnarfossi og langleiðina fram að Gilsbakka um 5000 seiðum.

Tafla 4. Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m² í rafveiðum í Fitjá 10.-13. ágúst 1997. Seiði af sleppiuppruna eru auðkennd sem “ss”.

Staður (Nr.)	Stærð (m)	Þéttleiki laxaseiða eftir aldri og uppruna						Urriði
		0+	1+	1+ss	2+	2+ss	3+/4+	
-5	40x14	-	-	0.4	-	0.5	-	0.2
-4	50x10	-	-	0.6	-	0.6	-	0.8
-3	50x10	-	-	2.8	-	-	-	0.6
-2	50x10	-	-	1.0	-	-	-	-
0	40x15	-	-	1.3	-	0.7	-	-
1	50x10	6.0	6.0	0.4	-	-	-	-
2	50x12	0.2	-	0.8	-	0.2	-	-
3	50x12	0.2	-	0.8	-	0.2	-	-
4	40x10	-	4.2	-	3.2	-	3.0	-
5	27x12	9.9	12.0	-	1.2	-	1.5	-
6	25x13	1.2	7.7	-	2.1	-	3.4	-
7	40x8	10.0	6.2	-	2.2	-	0.3	-
8	30x11	13.3	15.1	-	2.4	-	3.3	-
9	25x12	4.0	10.7	-	3.7	-	2.3	-

Á undanförunum árum hefur nýliðun verið lítil í Fitjargilinu fyrir neðan Bjarnarfoss. Á efsta staðnum fundust bæði 0+ og 1+ seiði úr náttúruklaki, en þessi seiði munu þó tæplega dreifast mikið niður gilið á næstu árum. Því var s.l. sumar aftur sleppt seiðum af Fitjárstofni í gilið. Alls var sleppt um 5000 seiðum á um 2.5 km kafla sem sem byrjaði um 1 km fyrir neðan Bjarnarfoss og náði að þar sem vegarstöðinn kemur að ánni, nokkru fyrir neðan rafveiðistað 3. Ekki er hætt á að þessi seiði gangi fram ána og keppi við seiði úr náttúruklaki sem eru fremst í ánni því fjöldi smáfossa hindrar göngu seiða fram gilið.

Frá stað 4 (við Fremri Fitja) og niður úr er ástand seiðastofna svipað því sem verið hefur. Þó er áberandi hve faliðaður 2+ árgangurinn er (hrygning 1994, klak 1995), en lítið kvað einnig að þessum árgangi í rafveiðunum 1996 þegar hann var 1+. Vöxtur seiða hefur greinilega batnað milli ára, en spurning er hvort sá bati haldist þegar næstu tveir árgangar stækka, en fjöldi 0+ og 1+ seiða var aftur mikill og árgangastyrkleiki þeirra svipaður því sem oftast er í Fitjá.

Ályktanir

Athugun á seiðastofnum 1997 benda til að seiðaðþéttleiki í ánum sé yfirleitt eðlilegur og nægur til að nýta uppeldisskilyrði sem þau bjóða laxaseiðum. Lítil laxgengd á undanfarandi árum virðist því ekki hafa haft teljandi áhrif á þéttleika seiðastofna, ef


undan er skilið Fitjargilið þar sem nýliðun hefur verið ábótavant í nokkur ár. Þar hefur verið fyllt í skörðin með seiðasleppingum.

Í Víðidalsá virðist skjól fyrir eldri/stærri seiði helst takmarka seiðaframleiðsluna og lagt er til að hafist verði handa við að bæta uppeldisskilyrði á kaflanum frá Síðukróki að Silungabakka þar sem áin virðist vera mjög stöðug í botninn, hann tiltölulega þéttur og straumur mátulegur.


Smáseiðasleppingar á ólaxgengum svæðum hafa skilað minni árangri á undanförunum árum en til var ætlast, sem fyrst og fremst má rekja til að sleppingar voru á tímabili tiltölulega litlar og seiðin fremur smá miðað við sleppitíma. Miðað við stærð og gæði uppeldissvæða á ólaxgengum svæðum ættu þau að geta framleitt um 30-50% af gönguseiðaframleiðslu vatnasvæðisins alls væru þau fullnýtt. Seiði á ólaxgengum svæðum Fitjár hafa meiri tilhneigingu til að verða kynþroska í ánni en í Víðidalsá og fara því mörg ekki til sjávar fyrr en eftir þrjá vetur í ánni. Með lengingu ferskvatnsskeiðis seiðanna dregur úr framleiðslu svæðisins á gönguseiðum. Því er sérstaklega mikilvægt að vænum seiðum sé sleppt í Fitjá, en það skiptir þó einnig verulegu máli fyrir gönguseiðaframleiðsluna í Víðidalsá að seiði séu ekki of smá við sleppingu, einkum þau seiði sem sleppt er framan til á svæðinu.

Ég tel mikilvægt að ólaxgeng svæði verði áfram nýtt með sleppingu samstofna seiða. Sumarið 1998 ætti að stefna að því að sleppa 8-10 000 seiðum í Fitjá á kaflann frá Mönguskála og niður fyrir Gilsbakka og um 3000 seiðum í Kambsá. Í Víðidalsá ætti að sleppa 25-30 000 seiðum á svæðið frá Bakka og langleiðina fram að Kjálkafossi.


Slök veiði undanfarandi ára verður ekki rakin til slæms ástands seiastofna á laxgengum svæðum. Líklega hafa óhagstæð sjávarskilyrði ráðið þar mestu um, en einnig það að ólaxgengu svæðin hafa ekki nýst sem skyldi á þessum árum. Ástæða er til að fylgjast áfram með þrifum laxastofna ána, einkum nú þegar laxgengd hefur verið með minnsta móti.




Mynd 1. Yfirlitskort af vatnasvæði Viðidalsár og helstu rafveiðistaðir




Mynd 2a. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum í Víðidalsá 10-13. ágúst 1997.




Mynd 2b. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum í Viðidalsá og Dalsá 10-13. ágúst 1997.



Mynd 3a. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum í Fitjá 10-13/8 1997. Rafveiðistaðirnir eru allir á ófiskgenga svæðinu fyrir framan Bjarnarfoss.



Mynd 3b. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum í Fitjá 10-13/8 1997. Staðirnir eru á laxgenga svæðinu og eru merktir inn á kort (Mynd 1)



Mynd 3c. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum í Fitjá 10-13/8 1997. Staðirnir eru á laxgenga svæðinu og eru merktir inn á kort (Mynd 1)